

Pegasus ehf
Sóltúni 24
105 Reykjavík

Reykjavík, 25. febrúar 2020
UST202002-336/H.H.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til kvikmyndatöku - Dyrhólaey og Skógafoss

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Pegasus ehf, dagsett 21. febrúar 2020, um leyfi til kvikmyndatöku í Dyrhólaey og við Skógafoss.

Dyrhólaey er friðlýst sem náttúruvætti sbr. auglýsing nr. 101/1978. Óheimilt er að trufla dýralíf á svæðinu. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum nr. 477/1987. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og raska jarðmyndunum innan svæðisins. Samkvæmt stjórnunar og verndaráætlun friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan náttúruvættisins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem geta haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta eru háðir leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Taka á upp myndefni í Dyrhólaey og við Skógafoss dagana 27. – 28. febrúar 2020. Setja á upp þrífót hjá vitanum í Dyrhólaey og mynda klettinn, notaður verður dróni til að ná betri mynd og flogið í kringum 150 metra hæð. Gera á svipað við Skógafoss og verður dróni notaður þar til að ná myndum af fossinum. Engir leikarar verða og ekki er þörf fyrir að setja upp neinn búnað á svæðunum. Samtals verða 7 manns á svæðinu á 2 bílum.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að verkefnið hafi lítil eða engin áhrif á náttúrufar og verndargildi svæðanna tveggja. Mögulega munu fuglar verða fyrir truflun vegna drónaflugs. Á það sérstaklega við í Dyrhólaey, en það yrði tímabundið og ekki hætta á raski. Tökur af landi eins og þeim er lýst eru ekki til þess fallnar að valda neinu raski eða truflun, hvorki við Skógafoss né í Dyrhólaey. Viðbúið er að aðrir gestir á svæðinu geti orðið fyrir truflun vegna verkefnisins. Stefnt er að því að vera snemma á ferðinni við Skógafoss svo umferð gesta ætti að vera í lágmarki á meðan tökur standa yfir. Við Dyrhólaey er einnig mikil umferð allt árið um kring, en á veturna er umferð á Háey umtalsvert minni en á Lágey.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Pegasus ehf, fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku í Dyrhólaey og við Skógafoss sbr. lýsingu hér að ofan 27. – 28. febrúar 2020 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er. Færri gestir heimsækja svæðið snemma morguns og síðdegis.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- **Ef fugl er í klettunum við Skógafoss skal dróna ekki flogið inn í gilið framan við fossinn**
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfsrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Hildur Hafbergsdóttir

Hildur Hafbergsdóttir
sérfræðingur

Daníel Freyr Jónsson

Daníel Freyr Jónsson
sérfræðingur